

Mánudaginn 3. febrúar 1992.

Nr. 21/1992. **Félag íslenskra atvinnuflugmanna**
 gegn
Vinnuveitendasambandi Íslands
 fyrir hönd Flugleiða hf.

Kærumál. Félagsdómur. Frávísun frá Félagsdómi. Réttarfar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili hefur með heimild í 67. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 10. janúar 1992, sem barst dóminum 14. janúar. Hann krefst þess, að úrskurður félagsdóms 7. janúar 1992 í málinu nr. 9/1991 verði úr gildi felldur og málinu vísað frá félagsdómi. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar fyrir félagsdómi og kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðili dæmdur til að greiða kærumálskostnað.

1. liður.

Eins og í hinum kærða úrskurði segir, er þessi kröfuliður þannig: „að viðurkennt verði með dómi, að flugmönnum sé skylt samkvæmt gr. 17-14 í kjarasamningi aðila frá 30. apríl 1991 að framkvæma þau störf við undirbúning brottfarar, sem flugvélstjórar sinntu fram til þess, að Flugleiðir tóku í notkun flugvélar af gerðinni Boeing 737-400, þar á meðal skoðun flugvéla fyrir flug, færslu dagbóka og útskrift flugvélarinnar með kvittun í viðhaldsdagbók hennar.“

Ákvæði það í kjarasamningi, sem til er vitnað, er þannig: „17-14 Lífeyrissjóðsiðgjald.

Vegna tilkomu B-737 og B-757 flugvéla og yfirtöku flugmanna á störfum, sem flugvélstjórar sinntu áður á eldri gerðum flugvéla, þar með talið eftirlit með eða framkvæmd eldsneytisáfyllingar, skoðun flugvéla fyrir flug og færslu dagbóka frá 1. maí 1989, lækki

lífeyrissjóðsiðgjald flugmanna í 4% og hlutdeild Flugleiða eykst að sama skapi. ...“

Fram er komið, að flugrekstrarstjóri Flugleiða hf. sendi formanni Félags íslenskra atvinnuflugmanna bréf 17. október 1991. Meginmál þess er þannig:

„Í upphafi útgerðar Flugleiða á 737-400 vélunum var ákveðið að ganga til samninga við erlenda viðhaldsaðila á öllum viðkomustöðum til þess að sjá um m.a. forskoðun vélanna (transit check) ásamt flugmönnum. Þótti annað ekki forsvaranlegt, þar eð um nýja tegund flugvélar var að ræða og engin reynsla starfsfólks fyrir hendi.

Nú þegar við höfum öðlast þessa reynslu, hefur verið ákveðið að segja þessum línuviðhaldssamningum upp, sem þýðir að flugmenn, eins og ávallt áður, gera „transit check“ en án þess að flugvirki staðarins gangi í spor hans og geri sömu hlutina. Þá bætist við eftirlit með eldsneytisáfyllingu.

Ég tel farsælast að aðilar hittist og gangi í bróðerni frá þessum málum. Ég legg til að fundur verði haldinn snemma í 43ju viku eftir vali formanns. Ég vænti skjótra viðbragða.“

Formaður félagsins svaraði með bréfi 15. nóvember, þar sem segir meðal annars:

„Það er álit stjórnar FÍA, að flugmenn á B-737 vélum Flugleiða hafi, frá því er þær voru teknar í notkun, gegnt þeim störfum, sem flugvélstjórar sinntu áður á eldri gerðum flugvéla.

Sú breyting, sem þú boðar í bréfi þínu, er að álit stjórnarinnar bein viðbót við núverandi störf flugmanna, og er því ekki skv. þeim kjarasamningi sem unnið er eftir. Um allt slíkt ber auðvitað að semja sérstaklega.“

Fleiri gögn liggja frammi í málinu um þennan ágreining. Er nægilega fram komið, í hverju hann er fölginn. Ber að fallast á, að hann varði túlkun á fyrrgreindu ákvæði í kjarasamningi, og staðfesta niðurstöðu félagsdóms að þessu leyti.

2. liður.

Eins og í hinum kærða úrskurði segir, er þessi kröfuliður þannig: „að viðurkennt verði með dómi, að fyrirmæli stefnda (þ.e. Félags íslenskra atvinnuflugmanna) til félagsmanna sinna um að framkvæma ekki skoðun flugvéla fyrir flug í samræmi við starfsreglur

Flugleiða eins og þeim var breytt 27. nóvember 1991 og koma skyldu til framkvæmda 1. desember 1991, séu brot á kjarasamningi aðila frá 30. apríl 1991 og ólögsmæt aðgerð í andstöðu við ákvæði 14. til og með 17. greinar laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938.“

Í málinu liggur frammi bréf Vinnuveitendasambands Íslands til Félags íslenskra atvinnuflugmanna frá 3. desember 1991, þar sem segir meðal annars:

„Sunnudaginn 1. desember framkvæmdu félagsmenn Félags íslenskra atvinnuflugmanna ekki forskoðun (transit check) á B-737 flugvélum Flugleiða í Kaupmannahöfn, Osló, London og Amsterdam, og bera viðkomandi flugstjórar því við, að það sé samkvæmt fyrirmælum FÍA, sbr. og bréf félagsins til Flugleiða dags. 15. og 27. nóvember. Aðgerðum þessum hefur síðan verið haldið áfram á viðkomustöðum félagsins erlendis.“

Með þessu og öðru, sem fyrir liggur í málinu, er ágreiningsefnið varðandi þennan kröfulið nægilega afmarkað. Það athugast, að það varðar sama réttarágreining og kemur fram í 1. kröfulið, en ekki leiðir það til frávísunar, eins og á stendur.

3. liður.

Eins og í hinum kærða úrskurði segir, er þessi kröfuliður þannig: „Að viðurkennt verði með dómi, að stefndi sé skaðabótaskyldur fyrir tjóni því, sem Flugleiðum hefur verið valdið með neitun á að framkvæma starfsreglur Flugleiða frá 27. nóvember 1991, sem komu til framkvæmda 1. desember 1991.“

Í 44. gr. og 65. gr. laga nr. 80/1938 segir, að félagsdómur dæmi um skaðabótakröfur. Er ljóst, að slíkar kröfur ber að gera með þeim hætti, sem fyrir er mælt í 88. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. lög nr. 54/1988. Byggist það á 69. gr. laga nr. 80/1938. Ber eftir fordæmum að skilja c-lið 1. mgr. 88. gr. einkamálalaga þannig, að varnaraðili hér fyrir dómi hafi átt að til-taka í krónum, hve hárra bóta er krafist. Ber því að vísa þessum kröfulið frá félagsdómi.

Kærumálskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur um þá tvo kröfuliði, sem að ofan greinir.

Vísað er frá félagsdómi kröfu varnaraðila, Vinnuveitenda-sambands Íslands f.h. Flugleiða hf., um viðurkenningu á bóta-rétti, en kröfunni er beint að sóknaraðila, Félagi íslenskra atvinnuflugmanna.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður félagsdóms 7. janúar 1992.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Gylfi Knudsen, Jón Þorsteinsson og Gunnar Guðmundsson.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 3. þ.m. um frávisunarkröfu stefnda, er höfðað með stefnu, birtri 12. desember 1991, og framhaldsstefnu, þingfestri 20. desember 1991.

Stefnandi er Vinnuveitendasamband Íslands, Garðastræti 41, Reykjavík, f.h. Flugleiða hf., Reykjavíkflugvelli.

Stefndi er Félag íslenskra atvinnuflugmanna, Háaleitisbraut 68, Reykja-vík.

Að framkominni framhaldsstefnu hljóða dómkröfur stefnanda nú svo:

1. að viðurkennt verði með dómi, að flugmönnum sé skylt samkvæmt gr. 17-14 í kjarasamningi aðila frá 30. apríl 1991 að framkvæma þau störf við undirbúning brottfarar, sem flugvélstjórar sinntu fram til þess, að Flugleiðir tóku í notkun flugvélar af gerðinni Boeing 737-400, þar á meðal skoðun flugvéla fyrir flug, færslu dagbóka og útskrift flugvélarinnar með kvittun í viðhaldsdagbók hennar,

2. að viðurkennt verði með dómi, að fyrirmæli stefnda til félagsmanna sinna um að framkvæma ekki skoðun flugvéla fyrir flug í samræmi við starfsreglur Flugleiða, eins og þeim var breytt 27. nóvember 1991 og koma skyldu til framkvæmda 1. desember 1991, séu brot á kjarasamningi aðila frá 30. apríl 1991 og ólögmet aðgerð í andstöðu við ákvæði 14. til og með 17. grein laga um stéttarfélag og vinnudeilur nr. 80/1938,

3. að viðurkennt verði með dómi, að stefndi sé skaðabótaskyldur fyrir tjóni því, sem Flugleiðum hefur verið valdið með neitun um að framkvæma starfsreglur Flugleiða frá 27. nóvember 1991, sem koma skyldu til framkvæmda 1. desember 1991,

4. að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað að mati dómsins.

Um form krefst stefndi þess, að málinu verði vísað frá dómi, en um efni, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Hann krefst og máls-kostnaðar úr hendi stefnanda, en til vara, að málskostnaður verði felldur niður.

Stefndi reisir frávisunarkröfu sína á því, að kröfur og málatilbúnaður stefnanda séu svo vanreifuð, að ekki verði lagður dómur á málið, og að dómur, sem tæki kröfur stefnanda til greina, leysi ekki úr ágreiningi aðila. Kröfugerð stefnanda verði ekki skilin öðruvísi en flugmenn hafi vanefnt grein 17-14 í gildandi kjarasamningi í einu og öllu. Að þessu leyti sé kröfu-gerð stefnanda ekki aðeins villandi, heldur beinlínis röng.

Í 1. tl. kröfu stefnanda verði ekki ráðið, um hvaða störf sé ágreiningur. Stefnanda hefði verið rétt að krefjast með glöggum og ótvíræðum hætti, að flugmenn sinntu nákvæmlega tilgreindum störfum, sem flugvélstjórar önnuðust á eldri vélum.

2. tl. sé sama marki brenndur. Krafist sé viðurkenningar á, að ætluð fyrirmæli stefnda til félagsmanna sinna um það, að þeir neiti að framkvæma skoðun flugvéla fyrir flug með þeim hætti, sem stefnandi hafi ákveðið, séu brot á kjarasamningi og brot á II. kafla laga nr. 80/1938. Þessi fyrirmæli séu hvorki skilgreind með glöggum hætti né rakin orðrétt lið fyrir lið.

Um 3. tl. gildi hið sama. Þar sé ekki skilgreiningu að finna á ætluðum ólögsmætum athöfnum. Auk þess hafi félagsdómur ekki vald til að dæma eingöngu um skaðabótaskyldu án tjónsfjárhæðar.

Stefndi vísar í 50. gr. laga nr. 80/1938 og 88. gr., 105. gr. og 108. gr. laga nr. 85/1936. Hann telur kröfur stefnanda ekki heldur nægilega ákveðnar, sbr. 67. gr. laga nr. 85/1936 og 69. gr. laga nr. 80/1938.

Stefnandi krefst þess, að frávisunarkröfu stefnda verði hrundið og að sér verði dæmdur málskostnaður í þessum þætti málsins. Hann kveður ágreining aðila snúast um það, um hvað hafi verið samið með grein 17-14 í kjarasamningi aðila, og kröfugerðin beri það greinilega með sér og sé nægilega skýr. Um andmæli stefnda við 3. tl. sérstaklega segir stefnandi þau stafa af misskilningi, sbr. dóm félagsdóms 7. febrúar 1969 í máli nr. 1/1969.

Niðurstaða.

Í máli þessu er deilt um túlkun á gr. 17-14 í síðastgildandi kjarasamningi aðila frá 30. apríl 1991. Ágreiningur um skilning á kjarasamningi fellur undir verkefni félagsdóms samkvæmt 2. tl. 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Ber því að hafna frávisunarkröfu stefnda.

Málskostnaður dæmist ekki í þessum þætti málsins.

Þ v í ú r s k u r ð a s t :

Frávisunarkröfu stefnda, Félags íslenskra atvinnuflugmanna, er hrundið.

Málskostnaður dæmist ekki í þessum þætti málsins.

S é r a t k v æ ð i**Jóns Þorsteinssonar:**

Í meginatriðum er ekki deilt um, hverjar séu starfsskyldur félagsmanna stefnda samkvæmt grein 17-14 í kjarasamningi aðila, heldur hitt, hvort þessar starfsskyldur hafi verið inntar af hendi. Ágreiningsefnið tengist túlkun flugrekstrarreglna, sem eru utan kjarasamnings. Úrlausn ágreinings af þessu tagi heyrir ekki undir félagsdóm. Þess ber einnig að gæta, að viðtæk kröfugerð stefnanda í máli þessu leitar svara við lögfræðilegum álitaefnum án þess að gefa kost á því að dæma um skýrlega afmarkað sakarefni.

Með tilvísun til framangreindra röksemda, sbr. 2. tl. 44. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur og 67. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, verður að vísa máli þessu frá félagsdómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.
